**Byggðastofnun**
**Þróunarsvið**

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 133/98
*komudagur* 10.11. 2006

Dagsetning 10. *nóvember 2006*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, 189. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið felur í sér að Hólaskóli er formlega gerður að háskóla. Rannsóknir sýna að háskólar hafa almennt þau áhrif að efla byggðarlög þar sem þeir starfa og auka fjölbreytni á vinnumarkaði. Hólaskóli er framsækinn skóli í örum vexti og forsendur uppbyggingar á þeim sérsviðum sem skólinn hefur markað sér eru góðar í Skagafirði. Hólaskóli á sér afar langa sögu og því vel við hæfi að hann fái formlega stöðu háskóla.

Stofnunin styður þær lagabreytingar sem frumvarpið felur í sér.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði*
*Byggðastofnunar*

**Heimilisfang** Ártorg 1 **Sími** 455 5400 **Bréfsími** 455 5499 **Netfang** byggdastofnun@byggdastofnun.is **Heimasíða** http://www.byggdastofnun.is
550 Sauðárkrókur